

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa.

#### 1. gr.

Frá og með 15. október til og með 15. janúar eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í norðanverðum Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°45,20'N – 23°38,10'V
2. 64°49,00'N – 23°33,50'V
3. 64°47,50'N – 22°45,60'V
4. 64°46,20'N – 22°24,00'V
5. 64°32,30'N – 22°26,40'V
6. 64°40,60'N – 22°51,50'V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 8. desember 2012.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. desember 2012.*

F. h. r.

**Hrefna Karlsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*